


**Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2024**

<b>Rekstur</b>	Samstæða <b>2024</b>	Samstæða <b>2023</b>	Samstæða <b>2022</b>	Samstæða <b>2021</b>	Samstæða <b>2020</b>
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur .....	9.262,0	9.001,1	8.241,5	6.562,8	6.012,7
Aðrar tekjur .....	60,7	120,1	42,7	48,5	44,3
Vöru- og umbúðanotkun .....	(4.778,9)	(4.878,0)	(4.469,5)	(3.479,2)	(3.133,0)
Laun og launatengd gjöld .....	(2.110,0)	(1.960,2)	(1.754,4)	(1.632,2)	(1.647,1)
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.330,5)	(1.215,5)	(1.102,8)	(961,3)	(978,9)
Afskriftir fastafjármuna .....	(275,3)	(263,8)	(239,5)	(239,2)	(243,5)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>828,0</b>	<b>803,7</b>	<b>718,0</b>	<b>299,4</b>	<b>54,5</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(68,0)	(164,7)	(180,5)	(142,5)	(87,6)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	0,0	15,0	2,8	3,3	3,3
<b>Hagnaður(tap) tímabils fyrir skatta</b>	<b>760,0</b>	<b>654,0</b>	<b>540,3</b>	<b>160,2</b>	<b>(29,8)</b>
Tekjuskattur .....	(146,7)	(122,3)	(103,2)	(31,3)	8,7
<b>Hagnaður(tap) tímabilsins</b>	<b>613,3</b>	<b>531,7</b>	<b>437,1</b>	<b>128,9</b>	<b>(21,1)</b>
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>1.105,7</b>	<b>1.062,4</b>	<b>951,3</b>	<b>522,8</b>	<b>297,1</b>
<b>Efnahagur</b>	<b>30.06.24</b>	<b>30.06.23</b>	<b>30.06.22</b>	<b>30.06.21</b>	<b>30.06.20</b>
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir .....	7.736,9	7.717,7	6.590,9	6.536,0	6.729,6
Veltufjármunir .....	6.555,6	5.297,1	4.740,4	4.236,4	3.396,4
<b>Eignir</b>	<b>14.292,5</b>	<b>13.014,8</b>	<b>11.331,3</b>	<b>10.772,4</b>	<b>10.126,0</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>7.935,3</b>	<b>7.081,5</b>	<b>5.752,7</b>	<b>5.219,2</b>	<b>5.284,7</b>
Þar af A og B-deild stofnsjóðs .....	605,4	568,6	543,9	531,0	538,0
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	3.356,0	4.135,7	3.640,5	3.653,9	3.154,1
Skammtímaskuldir .....	3.001,2	1.797,6	1.938,1	1.899,3	1.687,2
<b>Skuldir</b>	<b>6.357,2</b>	<b>5.933,3</b>	<b>5.578,6</b>	<b>5.553,2</b>	<b>4.841,3</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>14.292,5</b>	<b>13.014,8</b>	<b>11.331,3</b>	<b>10.772,4</b>	<b>10.126,0</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA .....	1.103,3	1.067,5	957,5	538,6	298,0
Innra virði .....	13,1	12,5	10,6	9,8	9,8
Veltufjárhlutfall .....	2,2	2,9	2,4	2,2	2,0
Eiginfjárhlutfall .....	56%	54%	51%	48%	52%



Reykjavík, 22. ágúst 2024.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

### Afkoma á fyrri árshelmingi 2024

- **Tekjur á fyrri árshelmingi 9.262 m.kr. og hækka um 3% milli ára**
- **613 m.kr. hagnaður á fyrri árshelmingi ársins en 532 m.kr. hagnaður árið áður**
- **EBITDA afkoma var 1.103 m.kr. en 1.068 m.kr. árið áður**
- **Eigið fé 7.935 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 56%**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjagarði hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2024 var 613 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 532 m.kr. hagnaður. Eigið fé Sláturfélagsins er 7.935 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 9.262 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2024, en 9.001 m.kr. á sama tíma árið áður og hækka því um tæp 3%. Aðrar tekjur voru 61 m.kr. en 120 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 4.779 m.kr. en 4.878 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 2.110 m.kr. og hækkaði um tæp 8%, annar rekstrarkostnaður var 1.331 m.kr. og hækkaði um tæp 10% og afskriftir voru 275 m.kr. og hækkuðu um rúm 4%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 828 m.kr., en 804 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 1.103 m.kr. en var 1.068 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 68 m.kr., en voru 165 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var 0 m.kr. Reiknaður tekjuskattur nam 147 m.kr., en 122 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 613 m.kr. en 532 m.kr. á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 1.106 m.kr. á fyrri árshelmingi ársins 2024, samanborið við 1.062 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2023. Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 14.293 m.kr. og eiginfjárlutfall 56% en 54% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,2 á fyrri hluta ársins 2024, en 2,9 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrri árshelmingi 2024 fyrir 321 m.kr. en 245 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 44 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 277 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2024 var í aprílmánuði greiddur 18,01% arður af B-deild stofnsjóðs alls 36 m.kr. og reiknaðir 10,0% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 40 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Sláturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2024 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Árshlutareikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SS: [www.ss.is](http://www.ss.is)

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2024 þann 18. febrúar 2025.

### Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 56% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,2. Langtímaskuldir í lok júní 2024 voru 1.975 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 50 m.kr. en lán samstæðunnar eru til mjög langs tíma. Lausafjárstaða félagsins er einnig góð en handbært fé var í lok júní 1.918 m.kr.

Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára um 82 m.kr. Velta samstæðunnar jókst á milli ára um 3% eða 261 m.kr. Jákvæð áhrif á veltu má fyrst og fremst rekja til aukningar í tekjum af sölu kjötvara.



Nokkur óvissa er framundan sem getur haft neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar á seinni árs helmingi. Hækkanir á rekstrarvöru, bæði innlendri sem erlendri, hafa verið talsverðar á árinu en gert er ráð fyrir að það hægist á þeirri þróun þegar kemur fram á árið 2025. Óvissa er um gengisþróun sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins á síðari árs helmingi. Afurðaverð sauðfjár til bænda mun taka hækkunum í haust en lítið svigrúm er til að hækka verð við þær aðstæður sem nú eru á neytendamarkaði en gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman á næstu mánuðum vegna hás vaxtastigs.

Sala á lambakjöti hefur dregist saman á árinu og birgðastaða í upphafi sláturtíðar verður hærri en í fyrra. Sölusamdráttur lambakjöts á landsvísu var um 11% milli ára sem er umtalsvert en á móti kemur aukning í sölu alifuglakjöts og nautgripakjöts. Innflutningur á kjöti hefur neikvæð áhrif á afkomu afurðafélaga og dregur úr framleiðslu innanlands. Áfram verður unnið að því að aðlaga rekstur samstæðunnar að breyttu rekstrarumhverfi, m.a. með því að leggja áherslu á sérstöðu og gæði innlendrar framleiðslu.

Staða lykilvörumerkja félagsins í matvælaíðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stöðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Aukin vélvæðing og öflug vöruþróun hefur styrkt grundvöll félagsins sem öflugs aðila á kjötmarkaði. Samt sem áður er reiknað með erfiðum aðstæðum á kjötmarkaði á næstu árum vegna hækkana á hrávöru til landbúnaðarframleiðslu og aukningu í innflutningi kjötvára.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði með nýjum vörflokkum sem ganga vel. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur byggst upp á undanförunum árum og er að þjónusta bændur með allar helstu rekstrarvörur. Áfram verða nýtt tækifæri til frekari vaxtar. Jákvætt er að verð á áburði til bænda lækkaði umtalsvert frá fyrra ári. Samt sem áður er nokkur óvissa um verðþróun helstu rekstrarvara á næstu misserum sem getur haft neikvæð áhrif á framleiðslukostnað landbúnaðarvara.

#### **Fjárhagsdagatal**

18. febrúar 2025	Ársuppgjör 2024
21. mars 2025	Aðalfundur vegna ársins 2024
21. ágúst 2025	Árshlutauppgjör jan-jún 2025
19. febrúar 2026	Ársuppgjör 2025
20. mars 2026	Aðalfundur vegna ársins 2025

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinhor@ss.is

Hjalte H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is